

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

29. janúar 2024,
20. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Mánudaginn 29. janúar 2024 fór fram 20. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson og Gnýr Guðmundsson. Ingibjörg Hauksdóttir boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson, Katrín Huld Káradóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1 Skipulagsmál

1.1 Aðalskipulag Seltjarnarness – Gisting innan íbúðabyggðar

Tillagan felst í að ákvæðum um gistingu innan íbúðabyggðar er breytt þannig að almennt verður rekstrarleyfis skyld starfsemi óheimil en áfram verður heimilt að endurnýja áður útgefin leyfi, fyrir sama aðila, í sömu fasteign, fyrir sama umfang starfseminnar.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

1.2. Seltjarnarnes. Breyting á deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis vegna grenndarstöðva.

Tillagan fjallar um breytingu á útivistarsvæðinu við Valhúsahæð þar sem gert er ráð fyrir grenndarstöðvum fyrir sorpflokkun við Suðurströnd/Bakkavör og Norðurströnd/Austurströnd innan skipulagsins. Valhúsahæð er merkt OP6 í aðalskipulagi Seltjarnarness.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi til að koma fyrir grenndarstöðvum í djúpgámum við Suðurströnd/Bakkavör eða Norðurströnd/Austurströnd. Þó má benda á að staðsetning grenndargáma gæti verið heppilegri fyrir nálægð við íbúa ef þeir væru staðsettir á Eiðistorgi og við Lindarbraut. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að rekstur stöðvanna þarf að vera með þeim hætti að ekki verði skilið eftir sorp á yfirborði þegar gámar fyllast eða þegar komið er með sorp sem á ekki heima í gámunum. Nauðsynlegt gæti verið að hafa vöktun á gámunum og svæðinu þannig að merki berist þegar gámar eru að fyllast og sorp er skilið eftir.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

1.3. Vetrarmýri - Miðsvæði – Deiliskipulagsbreyting



Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýri - Miðsvæði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heilbrigðiseftirlitið vill koma að eftirfarandi ábendingum við deiliskipulagið. Fráveita í fyrirbyggjandi deiliskipulagi og drögum að breytingu skipulags er gert ráð fyrir tveimur dæluhúsum (dælustöðvum) við Vetrarbraut 21b og 21c. Umræddar dælustöðvar eru tilkomnar sökum þess að fyrirhuguð byggð í Vetrarmýri liggur lægra í landi en sú skollögn sem taka á við skollfráveitu frá hverfinu. Heilbrigðiseftirlitið fer þess á leit að umræddum dælustöðvum fylgi varaafbstöð sem gangsett verði fari rafmagn af dælustöðvum. Tilgreina þarf að slík varaafbstöð verði til staðar uns úrbætur verða gerðar á núverandi fráveitulögn, og komið á sjálfrennsli, þar sem hún liggur undir Reykjanesbraut.

Í kafla 2.7.4 er lýsing á ofanvatnslausnum þar sem ráðgert er að ofanvatn fari í tjörn sem staðsett er nyrst á deiliskipulagssvæðinu. Vænlegt er að slík tjörn sé skilgreind sem settjörn á skipulagi með loka við útrennsli settjarnar þannig að hægt sé að loka tjörninni í því tilfelli að mengunarslys eigi sér stað til að hindra að mengunin berist í Arnarneslæk og að ráðrúm gefist til hreinsunar.

Hljóðvist. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á væntanlegri breytingu á reglugerð um hávaða sem tiltekur að yfirbyggðar svalir muni ekki uppfylla skilyrði um hljóðláta hlið skv. flokki C. Taka þarf tillit til þessa við endanlega hönnun bygginga og staðfesta í hljóðskýrslu að valdar lausnir, uppfylli kröfur um hljóðstig.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

1.4. Vinastræti 1-3, deiliskipulagsbreyting.

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dags. 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Vinastræti 1-3. Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu á lóð Vinastrætis 1-3, þar sem gert er ráð fyrir að form byggingareits breytist. Jafnframt er afmörkuð lóð ásamt byggingareit fyrir spennistöð.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

1.5. Kjóavellir, Landendi breyting á deiliskipulagi.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað tillögur að breyttu deiliskipulagi fyrir Kjóavellir Landsendi 31 breytt deiliskipulag. Í breytingunni felst að komið verði fyrir nýjum byggingarreit um 30.8m að þvermáli fyrir nýjan 4.000 m³ miðlunargeymi fyrir neysluvatn norðan megin við núverandi vatnstank á svæði sem er að mestu leyti óhreyft. Fyrirhugaður miðlunargeymir mun vera að sömu stærð og núverandi vatnstankur og mun hæðasetning á nýja geyminum einnig miðast við tankinn sem fyrir er. Lóð verður girt af með 2m hárrí mannheldri girðingu á lóðarmörkum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi en óskar eftir því að fá að fylgjast með hönnun miðlunargeymisins, efnisnotkun og byggingu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

2 Umsagnir

2.1. Samþykktir um úrgangsmál

Lagt fram til afgreiðslu Samþykktir um úrgangsmál fyrir sveitarfélögin Seltjarnanes og Hafnarfjörð. Í framhaldi af vinnu starfshóps um úrgangsmál á vegum SSH hafa samþykktir um úrgangsmál verið staðfærð fyrir hvert sveitarfélag. Í samræmi við lög nr. 7/1998 ber heilbrigðisnefnd að leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórn þær samþykktir sem fjalla um meðferð úrgangs, sem síðan afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Fyrir liggja samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Seltjarnarnesbæ og Hafnarfjarðarbæ.

Heilbrigðisnefnd fékk drög að samþykktunum til umfjöllunar og voru bókaðar athugasemdir heilbrigðisnefndar á fundi dags. 3. október sl. sem sendar voru starfshópi á vegum SSH.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd frestar afgreiðslu samþykktanna og felur framkvæmdastjóra að óska jafnframt eftir samþykktum þeirra sveitarfélaga sem eru í vinnslu. Þá verði það skoðað hvort hægt sé að hafa samþykktirnar með þeim hætti að sama samþykktin gildi um öll sveitarfélög sem aðild eiga að Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnanes. Þá koma fram rangar tilvísanir í samþykktunum sem þarfnast lagfæringar.

3 Önnur mál

3.1. Árleg endurskoðun rennslislíkansins fyrir höfuðborgarsvæðið.

Lögð fram skýrsla Verkfræðistofunnar Vatnaskila dags. desember 2023, þar sem gerð er grein fyrir árlegri endurskoðun rennslilíkans höfuðborgarsvæðisins. Í skýrslunni er grein frá framgangi árlegrar endurskoðunar rennslilíkans höfuðborgarsvæðisins á árinu 2023.

Við uppfærslu rennslilíkansins var aflað nýrra inntaksgagna og þeim komið fyrir í vatnafarsgagnagrunni og einnig komið á það form sem yfirborðs- og grunnvatnslíkön geta lesið inn eftir þörfum. Helstu tengdu viðfangsefni á árinu sem leiddu af sér uppfærslur á líkaninu voru af nokkuð fjölbreyttum toga, þ.m.t. tengt frummati á vatnsöflunarmögueikum Hafnarfjarðar, mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingu CODA Terminal í Straumsvík og ýmis verkefni í Ölfusi, suðaustur Bláfjalla vegna mögulegra áhrifa fyrirhugaðrar vatnsöflunar.

Haldið var áfram með þróun rennslislíkansins í ár í takti við markmið um beitingu þess á áhrifasvæðum vatnstökusvæðanna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu skref voru tekin við innleiðingu nýrrar aðferðarfræði til að líkja eftir sambandi grunnvatns við yfirborð í árfarvegum og á lindasvæðum.

Bókun:

Lagt fram til kynningar.


Linda Hrönn Þorisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Svanur Karl Grjetarsson


Hannes Tryggvi Hafstein


Bjarni Ingimærsson

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 29.11. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Reykjanesbraut 41, Hafnarfjörður – móttöku eldhús og matsalur*

Lögð fram umsókn Björnu Magnúsdóttur, f.h. Íslenskir aðalverktakar hf., kt. 660169-2379, dags. 08.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matar- og kaffiaðstöðu að Reykjanesbraut 41, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Tímabundið leyfi meðan unnið er að stækkun Reykjanesbrautar, lokaáfangi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.11.2023. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.09.2023.

Með vísun til ákvæða til matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 3 ára.

2. *Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Andreu De Marco f.h. Kjöt og Kræsingar ehf., kt. 660722-0330 dags. 20.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3. *Varmá íþróttamiðstöð, Mosfellsbær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Ungmennafélagið Afturelding., kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 20.01.2024 frá kl. 18.30 -03.00 í íþróttahúsinu Varmá, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 1000.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4. *Smiðjuvegur 4E, Kópavogi – bifreiða og vélaverkstæði*

Lögð fram umsókn Vignis Oddssonar, f.h. Bílvík ehf., kt. 550306-1900, dags. 13.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða og vélaverkstæði að Smiðjuvegi 4E Kópavogi. Fasteignanr. F2065254. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er skráning staðfest.

5. *Gardatorg 7, Garðabær– tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Svanhildar Sóleyjar Þorleifsdóttur f.h. Perluhvítar tannlæknastofa kt. 601123-0960, dags. 27.11.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu. Fasteignanr. F2222643. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 1.03.2023.

Með vísun til ákvæða skráningareglugerða er skráning staðfest.

6. *Miðskógar 2, Garðabær– starfsmannabústaður*

Lögð fram umsókn Marcel Graindorge-Lamour f.h. 801 France kt. FR421906132, dags. 4.10.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir starfsmannabústað. Fasteignanr. F2081576. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2023.

Með vísun til ákvæða skráningareglugerða er skráning staðfest.

7. *Dalshraun 9, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Guðmundar Kristjáns Guðmundssonar, kt. 181177-5009, dags. 28.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, lítið umfang að Dalshrauni 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074317. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 08.11.2023.

Með vísun til ákvæða skráningareglugerða er skráning staðfest.

8. *Hringhella 2, Hafnarfjörður – steypustöð*

Lögð fram umsókn Kai Westphal f.h. Steypustöðin ehf., kt.660707-0420, dags. 15.12.2022, þar sem sótt er um skráningu fyrir steypustöð til framleiðslu á forsteypnum hellum að Hringhelli 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2223575. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

9. *Lækjarhvammur 3, Hafnarfjörður– starfsmannabústaður*

Lögð fram umsókn Marcel Graindorge-Lamour f.h. 801 France kt. FR421906132, dags. 4.10.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir starfsmannabústað. Fasteignanr. F2077695. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2023.

Með vísun til ákvæða skráningareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 06.12.2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

10. *Ásbúð 62, Garðabær– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigríðar Guðrúnar Sigurmundsdóttur f.h. Max Import ehf., kt. 550623-1880, dags. 12.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Ásbúð 62, Garðabæ. Fasteignanr. F2069186. Dreifing frá vöruhótel. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.12.2023.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

11. *Langalína 19, Garðabær– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Einars Geirs Jónssonar f.h. Pokafell., kt. 650122-2830, dags. 10.08.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Löngulínu 19, Garðabæ. Fasteignanr. F2015902.

Starfsleyfisumsókn hafnað þar sem gögn hafa ekki borist.

12. *Miðhraun 22b, Garðabæ – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Óskars Jónssonar f.h. Kjútis, kt. 510221-0870, dags. 30.10.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla að Miðhrauni 22b, Garðabæ. Fastanúmer F2247219. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.12.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.11.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 08.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

13. *Ránargrund 4, Garðabær– matsölustaður*

Lögð fram umsókn Inga Þórarins Friðrikssonar f.h. Bláa Lónið Svartsengi hf., kt. 490792-2369, dags. 30.11.2023 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir veitingastað að Ránargrund 4, Garðabæ. Fasteignanr. F2360293. Tímabundin starfsemi. Minnisblað dags. 05.12.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt 07.,08, 09.,14.,15., og 16.12.2023 frá 18.00 – 01.00.

14. *Sævangur 15, Hafnarfjörður – daggæsla*

Lögð fram umsókn Eyrúnar Gísladóttur, kt. 240268-5239, dags. 29.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu, 6 börn eða fleiri, að Sævangi 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080135. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 06.12.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

15. *Auðbrekka 2, Kópavogur – hjólbarðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Snorra Goða Hermannssonar, f.h. Dekkjaþjónustan ehf., kt. 611014-0150, dags. 26.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dekkjaþjónustu, bifreiðaviðgerðir og smurstöð að Auðbrekku 2, Kópavogi. Fasteignanr.F2058809. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 4.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

16. *Búðakór 1, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Heiðu Bjarkar Friðbjörnsdóttur, f.h. Krambúðin, kt. 571298-3769 dags. 14.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Búðakór 1, Kópavogi. Fasteignanr.F2279579. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er samþykkt starfsleyfi.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

17. *Ránargrund 4, Garðabær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bláa Lónið kt. 490792-2369 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 07.,08., og 09.12.2023 frá kl. 18.00 – 01.00 í Sjálandi Ránargrund 4, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 60 manns. Minnisblað dags. 05.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

18. *Ránargrund 4, Garðabær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bláa Lónið kt. 490792-2369 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 14. 15. og 16.12.2023 frá kl. 18.00 – 01.00 í Sjálandi Ránargrund 4, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 60 manns. Minnisblað dags. 05.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

19. *Kaplakriki, íþróttahús, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Paxal ehf., kt. 571213-0520 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 16.12.2023 frá kl. 14.00 -23.59 í Kaplakrika íþróttahúsi, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 2750 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

20. *Berghella 1, Hafnarfjörður – flutningur á spilliefnum*

Lögð fram umsókn Jóns H. Steingrímssonar f.h. Terra Umhverfissþjónusta hf., kt.410283-0349, dags. 13.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir flutning á spilliefnum að Berghellu 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr. F2242839. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 05.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

21. *Kaplahraun 1, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Antons Línal Ingvasonar f.h. Bílaspítalinn ehf., kt. 430504-3710, dags. 19.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, bifreiðasprautun að Kaplahrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076779. Endurnýjun á eldra starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 05.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest

22. *Smiðjuvegur 24-26d, Kópavogur – kjötvinnsla*

Lögð fram umsókn Kristins Jakobssonar, f.h. Kjöthúsið ehf., kt. 670593-2079 dags. 28.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir kjötvinnslu með reykofni að Smiðjuvegi 24-26d, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr. F2289608. Eftirlitsskýrsla dags.06.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest

23. *Flugumýri 14, Mosfellsbær – málmsmiðja*

Lögð fram umsókn Dagnýjar Hrundar Gunnarsdóttur f.h. Öryggisgirðingar ehf., kt. 450503-3390, dags. 22.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir málmsmiðju að Flugumýri 14, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2238305. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.12.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

24. *Bygggarðar 8, Seltjarnarnes – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Kristjáns Geirs Sigurðssonar f.h. Bílanes, kt. 621209-0780, dags. 30.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Byggörðum 8, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F206112. Endurnýjun á eldra starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 05.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 13.12.2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

25. *Hamraborg 1, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Anasía Rondon Encarnacion, f.h. Dream beauty studio, kt. 540923-0780 dags. 17.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr. 2061180. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.12.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

26. *Nýbýlavegur 14, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Hoan Thi Do f.h. Q & Q ehf., kt. 650923-1700 dags. 12.10.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Eigendaskipti. Fasteignanr. F2064405. Eftirlitsskýrsla dags. 12.12.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

27. *Skálahlíð 9, Mosfellsbær – hæfingapjónusta fyrir fatlaða ÁD/Íþ (13/12)*

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Fjölinsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, Dagþjónustan Skjól., kt.470269-5969, dags. 25.08.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir hæfingapjónustu fatlaðra að Skálahlíð 9, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

28. *Skálahlíð 13, Mosfellsbær – sambýli*

Lögð fram umsókn Siguróskar G. Kristjánsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sambýli fatlaðra ,búsetukjarni fyrir 4 íbúa, að Skálahlíð 13, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða og úrbótaáætlunar rekstraraðila er samþykkt starfsleyfis til 31.12.2024.

29. Þverholt 2, Mosfellsbær – bókasafn

Lögð fram umsókn Evu Daggar Diego Þorkeldsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt. 470269-5969, dags. 05.12.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir bókasafn að Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2235981. Ný starfsemi. Minnisblað dags. 11.12.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

30. Austurströnd 1, Seltjarnarnes – grunnskóli

Lögð fram umsókn Baldurs Pálssonar f.h. Seltjarnarnesbæjar, kt. 560269-2429, dags. 29.11.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir grunnskóla að Austurströnd 1, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2066830. Breyting á starfsemi. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2023

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 31.12.2024.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

31. Eyrartröð 13, Hafnarfjörður – fiskvinnsla HH (13/12)

Lögð fram umsókn Guðna H. Gunnarssonar, f.h. Stokkhylur ehf., kt. 430407-0310, dags. 07.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Eyrartröð 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074580
Endurnýjun
Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

32. Smiðjuvegur 6c, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Heiðars Ólafssonar f.h. Bretti Réttingaverkstæði ehf., kt. 691010-1630, dags. 11.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir réttinga- og sprautuverkstæði að Smiðjuvegi 6C, Kópavogi. Fasteignanr. F2065265. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 11.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

33. Brenna við Arnarnesvog dags. 31.12.2023.

Lögð fram skráning Hjálparveitar skáta í Garðabæ, þar sem sótt er um skráningu fyrir brennu dags. 31.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

34. Flugeldasýning við Glaðheima dags. 31.12.2023.

Lögð fram skráning Hjálparveitar skáta í Kópavogi, þar sem sótt er um skráningu vegna flugeldasýningar dags. 31.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

35. *Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.12.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. JM veitingar ehf., kt. 540709-0330 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, aukinn opnunartíma, vegna jóla, áramóta og nýársgleði þann 26.12.2023 frá kl. 12.00 -06.00 og aðfaranótt 02.01.2024 í Ölhúsinu, Reykjavíkurvegi 60 Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 150 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 12.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 20.12.2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

36. *Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Chang Pham Thi f.h. Prífum betur ehf., Loving Vegan kt. 590422-1420, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078673. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

37. *Skálahlíð 3, Mosfellsbær – sundlaug*

Lögð fram umsókn Sóleyjar Ragnarsdóttur f.h. Skálatún Sjálfseignarstofnun, kt. 571023-1130, dags. 07.12.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sundlaug að Skálahlíð 3, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 11.9.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

38. *Strandgata 24b, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.12.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Halldórs Ægis Halldórssonar, kt. 181079-4529 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 22.12.2023 frá 17.00 – 20.00 og 23.12.2023 frá kl. 13.00 – 18.00 í tilefni af Jólaborpinu í Hafnarfirði Thorsplani, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns (verða í einum sölukofanum, salerni eru á vegum Jólaborpsins).

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

39. *Flugeldasýning við Leirvog dags. 06.01.2024.*

Lögð fram skráning Björgunarsveitarinnar Kyndils, þar sem sótt er um skráningu vegna flugeldasýningar dags.. 31.12.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 03.01.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

40. *Grandatröð 4, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Bjarneyjar Þórarinsdóttur, f.h. Ölvisholt ehf., kt. 480414-1010, dags. 18.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bjórgerð að Grandatröð 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2222948. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.01.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags.19.04.2023. Jákvætt svar 04.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

41. *Auðbrekka 4, Kópavogur – smurbrauðstofa*

Lögð fram umsókn Guðrúnar Karólínu Pétursdóttur, f.h. Smurbrauðstofa Sylvíu ehf., kt. 470300-2050 dags. 15.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir smurbrauðstofu að Auðbrekku 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2058809. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2023. Byggingafulltrúi dags. 29.11.2023. Jákvætt svar 04.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

42. *Auðbrekka 4, Kópavogur –matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Mohammed Shihab Wahid, f.h. Kurdish ehf., kt. 590722-1030 dags. 30.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun Family market að Auðbrekku 4, Kópavogi. Fasteignanr.F2058809. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.11.2023. Byggingafulltrúi dags. 06.12.2023. Jákvætt svar dags. 04.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

43. *Smiðjuvegur 40, Kópavogur – réttingar-og sprautuverkstæði*

Lögð fram umsókn Maríasar H. Guðmundssonar, f.h. Réttingaþjónustan ehf., kt. 530575-0479 dags. 13.12.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir réttingaverkstæði að Smiðjuvegi 40, Kópavogi. Fasteignanr. F2065356. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.12.2023.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 10.01.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

44. *Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Sigurðar H. Bjarnasonar f.h. HBT ehf., Hamborgarabúlla Tómasar kt. 710306-2140, dags. 29.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078657. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 09.01.2024.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.10.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

45. *Háholt 13-15, Mosfellsbær – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Alexíu Gerðar Valgeirsdóttur, f.h. S 25 ehf. / Dúos ehf kt. 680415-1290 dags. 02.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.01.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

46. *Lónsbraut 6, Hafnarfjörður – fiskvinnsla*

Lögð fram umsókn Sigurjóns Þorsteinssonar f.h. Fiskvinnslan Útvík ehf., kt. 600105-1750, dags. 02.01.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Lónsbraut 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2253613. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.01.2024.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.01.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.01.2024.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

47. *Stekkjarberg 11, Hafnarfjörður – niðurrif*

Lögð fram umsókn Sveins Gíslasonar f.h. Byggingafélagið Landsbyggð, kt. 630806-1510, dags. 02.01.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif að Stekkjabergi 11, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2081173. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.01.2024.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

48. *Breiðumýri íþróttamiðstöð, Garðabær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhanns Jónssonar kt. 140963-2759 f.h. Lions og kvennfélagsins þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 03.02.2024 til 04.02.2024 frá kl. 18.00 – kl. 03.00 fyrir þorrablót í Íþróttamiðstöð Álftanes, Breiðumýri, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 450 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

49. *Skólabraut 8, Garðabær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Knattspyrnudeild Stjörnnunar., kt. 580589-1389 þar sem sótt er um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi þann 26.01.2024 til 27.01.2024 frá kl. 18.00 – kl. 03.00 fyrir þorrablót í Íþróttamiðstöðinni Mýrinni, Skólabraut 8, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 900 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

50. *Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður – rekstrarleyfi*

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.09.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn HBT ehf., kt. 710306-2140, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu í fl. II. að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fnr.F2078657. Eftirlitsskýrsla dags. 09.01.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

51. *Dalvegur 4, Kópavogi – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.01.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Kansas ehf., kt. 611222-0330, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfi - A Veitingahús – í flokki II., að Dalvegi 4, Kópavogi, fnr.2059490. Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

52. *Engjahjalli 8, Kópavogi – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 24.11.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Andri Veitingar ehf., kt. 510923-0300 þar sem sótt er um leyfi til reksturs og veitingaleyfis, - C Veitingastofa og greiðasala – í flokki II. Staðsetning Matarhjallinn að Engihjalla 8, Kópavogi, fnr.2247005. Eftirlitsskýrsla dags. 23.10.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

53. *Hólshraun 1, Hafnarfjörður – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Fjarðarkaup kt. 650398-3359 þann 02.01.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Fjarðarkaup, Hólshrauni 1, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 03.01.2024.

Leyfisveiting staðfest.

54. *Dalvegur 20, Hafnarfjörður – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Heimkaup kt. 430910-0190 þann 07.01.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Orkan verslun, Dalvegi 20, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.01.2024.
Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 17.01.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

55. *Breiðumýri, Garðabær – frístundarheimili*

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Skúladóttur f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 03.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir frístundarheimili við Álfthanesskóla, Breiðumýri, Garðabæ. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.1.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

56. *Spítalavegur 4, Garðabær – hjúkrunarheimili*

Lögð fram umsókn Friðar Brandsdóttur f.h. Heilsuvernd Vífilsstaðir ehf., kt. 670922-0570, dags. 20.12.2023 þar sem sótt er um endurnýjun starfsleyfis fyrir hjúkrunarbýðun að Vífilsstöðum, Garðabæ. Endurnýjun. Fasteignanr. F2508079. Eftirlitsskýrsla dags. 17.1.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til eins árs.

57. *Einhella 1a, Hafnarfjörður – sjálfsafgreiðslustöð*

Lögð fram umsókn Sæþórs Hallgrímssonar, f.h. Orkan IS ehf., kt. 680319-0730, dags. 23.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð með eldsneyti að Einhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2329975. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.07.2023 (RFF). Bréf sent 29.11.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

58. *Dalvegur 2, Kópavogur – vínbúð*

Lögð fram umsókn Sveins Fjeldsted Hilmarssonar f.h. ÁTVR / Vínbúðin Dalvegi., kt. 410169-4369 dags. 04.01.2024 þar sem sótt er um leyfi til reksturs áfengisverslunar að Dalvegi 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2059487. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 12.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

59. *Engjavegur 1, Mosfellsbær – sambýli*

Lögð fram umsókn Anný Láru Emilsdóttur, f.h. Hlein ehf. hjúkrunarsambýli kt. 511122-0150 dags. 08.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarsambýli að Engjavegi 1, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2084803. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.01.2024

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

60. *Skútahraun 15B og C, Hafnarfjörður - bifreiðasprautun og réttingar*

Lögð fram umsókn Kristins Sveinssonar f.h. BMG ehf, kt. 470307-0210 dags. 16.01.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir sprautu- og réttingaverkstæði að Skútahrauni 15B og C, Hafnarfirði. Fasteignanr: F2075819 og F2075820, Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 16.1.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

61. *Dalvegur 30, Kópavogi – hársnyrtistofa*

Lögð fram umsókn Elvars Loga Rafnssonar, f.h. Kompaníð ehf., kt. 700191-1419, dags. 06.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Dalvegi 30, Kópavogi. Fasteignanr. F2245383. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 5.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.13.12.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 15.01.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

62. *Smiðjuvegur 7, Kópavogi – niðurrif*

Lögð fram umsókn Þorgríms Hallgrímssonar, kt. 030559-5769, dags. 15.01.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif asbests að Smiðuvegi 7, Kópavogi. Fasteignanr. F2065268. Ný starfsemi. Minnisblað dags. 16.01.2024

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

63. *Ásvellir íþróttahús, Hafnarfirði, – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélags Hauka kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 10.02.2024 til 11.02.2024 frá kl. 19.00 – kl. 03.00 fyrir þorrablot í íþróttahúsinu Ásvöllum, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1200 manns. Eftirlitsskýrsla dags.24.10.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

64. *Kaplakriki íþróttahús, Hafnarfirði, – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Verslunarskólans kt. 441079-0609 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 22.02.2024 til 23.02.2024 frá kl. 21.00 – kl. 02.00 fyrir árshátíð í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði.

Áætlaður gestafjöldi 1400 manns. Eftirlitsskýrsla dags.13.09.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

65. *Dalsmári 5 íþróttahús, Kópavogur, – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Breiðabliks kt. 480169-0699 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann

26.01.2024 til 27.01.2024 frá kl. 17.30 – kl. 02.00 fyrir þorrablót í íþróttahúsinu Fífunni, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 2600 manns. Eftirlitsskýrsla dags.07.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

66. *Digranesheiði 31, Kópavogi - rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.11.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ana Cristina Silva Araújo, kt. 200965-2729, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II –C minna gistiheimili í fl. II, að Digranesheiði 31, Kópavogi, fnr.F2240569.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi fyrir gististað í flokki II.

67. *Hamraborg 20, Kópavogi - rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.12.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Video-markaðurinn ehf., kt. 711297-4059, þar sem sótt er um leyfi til reksturs. Veitingaleyfi - A Veitingahús – í flokki II. fyrir 80 gesti, að Hamraborg 20, Kópavogi, fnr.223-3482,223-3483,223-3484.

Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir samþykkt byggingafulltrúa um að húsnæðið sé í samræmi við fyrirhugaða notkun húsnæðisins.

68. *Suðurströnd 8 íþróttahús, Seltjarnarnes – tækifærisleyfi EO*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Íþróttafélags Gróttu kt. 700371-0779 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 27.01.2024 til 28.01.2024 frá kl. 18.30 – kl. 02.00 fyrir þorrablót í íþróttahúsi Gróttu, Seltjarnarnesi. Áætlaður gestafjöldi 140 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 24.01.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

69. *Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður – veitingastofa*

Lögð fram umsókn Sigurðar H. Bjarnasonar f.h. HBTT ehf., Hamborgarabúlla Tómasar kt. 620720-0110, dags. 18.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078657. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.10.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

70. *Dalvegur 20, Kópavogur – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Vilhjálms Einarssonar f.h. Heimkaup ehf./Orkan verslun kt. 430910-0190 dags. 07.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Dalvegi 20, Kópavogi. Fasteignanr. F2059493. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

71. *Hamraborg 12, Kópavogur – sjálfsafgreiðslustöð/bensínstöð*

Lögð fram umsókn Örn Franzson f.h. Olís ehf., kt. 500269-3249, dags. 20.07.2023 fyrir rekstri ÓB sjálfsafgreiðslustöðvar með tvær afgreiðsludælar að Hamraborg 12. Fasteignanr. 206-1414, húshluti 01 0101. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2024.

Bréf sent til byggingarfulltrúa dags. 26.07.23. Jákvætt svar með bréfi byggingarfulltrúa dags. 27.7.2023. *Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með starfsleyfi til 3 ára.*

72. *Hófgerði 30, Kópavogur – fiskbúð*

Lögð fram umsókn Hannesar Finnbogasonar, f.h. Fiskbúðin Hófgerði slf., kt. 510124-2000 dags. 15.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fiskbúð að Hófgerði 30, Kópavogi. Fasteignanr. F2062377. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

73. *Mánalind 1, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Nikuláasar Kr. Jónssonar f.h. Par3 ehf., kt. 630410-0960 dags. 31.10.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Mánalind 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2229200. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhótel Eimskip. Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

74. *Móhella 4B, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Óskars Tryggva Svavarssonar f.h. Djarfi ehf., kt. 691123-1110, dags. 22.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu með drykkjarvörur að Móhelli 4B, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2274740. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.01.2024

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

75. *Kaplakriki íþróttahús, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 27.01.2024 til 28.01.2024 frá kl. 19.00 – kl. 02.30 fyrir þorablót í íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 750 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

76. *Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður - rekstrarleyfi*

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.01.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn HBTT ehf., kt. 620720-0110, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu í fl. II. að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fnr.F2078657. Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

77. *Dalsmári 5 íþróttahús, Kópavogur, – tækifærisleyfi)*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Breiðabliks kt. 480169-0699 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 03.02.2024 til 04.02.2024 frá kl. 18.30 – kl. 02.00 fyrir þorrablót Grindvíkinga í íþróttahúsinu Fífunni, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Eftirlitsskýrsla dags.07.12.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.